



Framhaldsprófstónleikar Elisabetar Önnu Dudziak á fjölu í maí 2022.
Flytjendur og kennarar f.v. Miklós Dalmay, María Weiss, Elisabet Anna, Eyrún Huld Ingvarsdóttir, Hildur Tanja Karlsdóttir, Chrissie Thelma Guðmundsdóttir og Daniel Cassidy.



Framhaldsprófstónleikar Arnars Gísla Sæmundssonar í söng í maí 2022.
Flytjendur og kennarar f.v. Ingibjörg Álfrós Björnsdóttir, Jónína Eimý Sigurðardóttir, Karolina Konieczna, Sigrún Magnúsdóttir, Hjaltey Sigurðardóttir, Amar Gísli, Margrét S. Stefánsdóttir og Ester Ólafsdóttir.

• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2022

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ársskýrsla Tónlistarskóla Árneseinga október 2022..... | 4 |
| Inngangur | 4 |
| Veturinn 2021 – 2022..... | 5 |
| Forskólinn 2021 - 2022 | 5 |
| Próf veturinn 2021 – 2022..... | 5 |
| Tónleikahald 2021 – 2022..... | 5 |
| Áhrif Covid-19 á vetrarstarfið 2021 - 2022..... | 6 |
| Veturinn 2022 – 2023..... | 7 |
| Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld..... | 7 |
| Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga 2022 – 2023..... | 7 |
| Fjöldi nemenda 2022 – 2023 / biðlistinn..... | 8 |
| Kennarar 2022 – 2023 | 8 |
| Endur- og símenntun kennara..... | 8 |
| Kennslustaðir 2022 – 2023 og aðbúnaður | 9 |
| Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2022 – 2023 | 10 |
| Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum..... | 10 |
| Forskóla-hljóðfærakynningar | 10 |
| Nýr ritari..... | 10 |
| Áætlun 2023 | 11 |
| Skýrslur deildastjóra maí 2022..... | 12 |
| Blásaradeild..... | 12 |
| Blokkflautudeild..... | 13 |
| Forskóladeild..... | 14 |
| Gítardeild..... | 15 |
| Píanódeild..... | 16 |
| Rytmísk deild | 17 |
| Strengjadeild..... | 18 |
| Suzukideild..... | 19 |
| Söngdeild | 21 |
| Tónfræðadeild..... | 22 |
| Fylgiskjal A - Skóladagatal..... | 23 |
| Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk | 24 |
| Fylgiskjal C – Stigspróf 2017 - 2022 | 25 |

| | |
|--|----|
| Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst..... | 26 |
| Fylgiskjal E – Nemendafjöldi..... | 27 |
| Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum | 28 |
| Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi | 29 |
| Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni..... | 30 |
| Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda..... | 31 |
| Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi..... | 32 |
| Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall | 33 |
| Fylgiskjal L – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs..... | 34 |
| Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi | 35 |
| Fylgiskjal N - Kennaralisti..... | 36 |
| Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara..... | 37 |
| Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni | 38 |
| Fylgiskjal Q – Skólagjöld..... | 39 |
| Fylgiskjal R – Fjöldi nemenda og klst. október 2022 | 40 |
| Fylgiskjal S – Sundurliðanir úr Ársreikningi 2021 (KPMG) | 41 |
| Fylgiskjal T – Áætlun 2023 | 42 |
| Fylgiskjal U – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2023..... | 45 |

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árneseinga október 2022

Inngangur

Starfsemi Tónlistarskóla Árneseinga fer núna aftur af stað með eðlilegu móti og erum við afskaplega þakklát fyrir það. Áhersla verður lögð á sýnileika í vetur, enda hefur starfsemi tónlistarskólans verið að mestu leyti hulin í tvö og hálf ár þó kennslan hafi gengið ótrúlega vel miðað við aðstæður í covid.

Framundan er fjöldi tónleika og viðburða. Má þar nefna t.d. október-menningarmánuð í Árborg, deildatónleika í byrjun nóvember, stórtónleika með lögum Gunnars Þórðarsonar 19. nóvember á Laugarvatni og hausttónleika í lok nóvember. Hugsum við með mikilli tilhlökkun til komandi vikna og mánaða.

--

Mörg stór verkefni hafa komið á borð skólastjórnenda á árinu. Álag hefur verið mikið og sér ekki fyrir endann á því á næstunni. Fagleg forysta á á köflum undir högg að sækja, því tíminn fer allur í að halda sjó.

- **Stytting vinnuvikunnar** er heilmikið skipulagsverkefni fyrir skólastjórnendur og kennara. **Nýtt greiðslukerfi** vegna innheimtu skólagjalda (SportAblar) var tekið upp í haust – barst seint og nokkrir hnökur í upphafi. **Nýtt nemendaskráningarkerfi** (SpeedAdmin) er tekið upp á önninni – talsverð breyting frá fyrra kerfi og skólastjórnendur þurfa að gera lagfæringar á gögnum áður en kennarar geta nýtt það. Kostnaðarsamri **Jafnlaunavottun** þarf að ljúka fyrir áramót – tónlistarskólar falla almennt undir sveitarfélögin varðandi jafnlaunavottun, en T.Á. er einn á báti. Þá hafa **húsnæðismál** verið tónlistarskólanum óvenju þung í skauti í haust. Tónlistarskólinn kennir innan veggja allra grunnskóla í Árneseyslu, en vegna fjölgunar grunnskólanemenda, sérstaklega á Selfossi og í Hveragerði eru grunnskólarnir aðþrengdir og þá er aðstaða tónlistarskólans oft litin hýru auga.

Skólastjórar grunnskólanna eru jákvæðir í garð tónlistarskólans, en þeir glíma við að koma stoðþjónustunni fyrir. Við erum sannarlega tilbúin að vera sveigjanleg ef hægt er og samnýta rými, en það má ekki verða til þess að ýta tónlistarkennslunni út í horn eða út úr grunnskólunum. Að hafa þá tilfinningu að vera fyrir er í besta falli óþægileg.

Við erum ekki byrjuð að tala um **faglega forystu** og þau verkefni sem snúa að nemendum, tónleikahaldi og tónlistarmenntun.

--

Að fá tækifæri til tónlistarnáms og -iðkunar er dýrmætt. Áhrif tónlistar eru margþætt bæði á einstaklingana sjálfa og samfélagið allt.

Í ljósi nýjustu rannsókna á áhrifum tónlistariðkunar á heilastarfsemi, er mikilvægt að hlúa að tónlistariðkun barna í öllum leik- og grunnskólum, því tónlistariðkun hefur jákvæð, langvarandi áhrif á heilastarfsemi. Hún styður lestrarnám, eykur hjálpsemi, minnkar árásarhneigð og er gríðarlega öflugt jöfnunartæki. (dr. Helga Rut Guðmundsdóttir við HÍ og fl.) Læknisfræðilega er sjónum í auknum mæli beint að möguleikum tónlistar við endurhæfingu og þjálfun þeirra sem glíma við heilasjúkdóma (s.s. Parkinson, Alzheimer, heilabilun, heilablóðfall). Okkur verður æ ljósara að tónlist er ekki aðeins mikilvæg tónlistarinnar vegna, heldur er heimur tónlistarinnar svo miklu stærri og margbrotnari.

*Selfossi, 10. október 2022,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

Veturinn 2021 – 2022

Forskólinn 2021 - 2022

Hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla Árnassýslu (12 talsins) fóru allar fram á vorönn 2022. Þrátt fyrir að covid setti af og til strik í reikninginn, tókst að ljúka öllum kynningum í byrjun maí. Tónlistarkennararnir þakka nemendum og kennurum grunnskólanna fyrir hlýjar móttökur, en nemendur eru alltaf mjög áhugasamir um hljóðfærin.

Próf veturinn 2021 – 2022

Veturinn 2021 – 2022 höfðu covid-veikindi nemenda talsverð áhrif á námsframvindu og luku heldur færri prófum en í venjulegu ári. 154 nemendur luku stigs- og áfangaprófum, en 29 þeirra luku samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Tveir nemendanna luku framhaldsprófi í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum, þau Elísabet Anna Dudziak á fiðlu og Arnar Gísli Sæmundsson í söng. (Fylgiskjal C - Stigspróf 2017 – 2022).

Tónleikahald 2021 – 2022

Covid setti sitt mark á tónleikahaldið þennan vetur sem fyrri covid-veturinn, en þó voru haldnir um 150 tónleikar og aðrir viðburðir á skólaárinu.

[Tónleikahald í upphafi skólaárs 2021](#). Nemendur komu t.d. fram við skólasetningar grunnskóla, í útvarpsmessu og á kennarþingi. **Ungsveit Sinfóníunnar** hélt tónleika í Eldborgarsal Hörpu í septemberlok. Þar tóku þátt tveir nemendur skólans, þær Elísabet Anna Dudziak og Hildur Tanja Karlsdóttir.

[Fjölbreytt tónleikahald í nóvember](#). **Deildartónleikahald** litaðist af covid. **Rytmískir-**, píanó- og blokkflautudeildartónleikar voru haldnir samkvæmt áætlun í nóvember, strengjadeildartónleikar voru teknir upp að hluta og sendir foreldrum, [Söngdeildartónleikar](#) færðust fram í mars, en blásara- og gítardeildartónleikar féllu niður. **Hausttónleikar** gengu samkvæmt áætlun í lok nóvember.

[Jólakveðja Tónlistarskóla Árneseinga](#) var tekin upp í desember, en um 60 nemendur tóku þátt í því verkefni. Vegna fjöldatakmarkana var nemendum skipt upp í fimm hæfilega stóra hópa sem voru teknir upp hver fyrir sig.

[Miðdeildartónleikarnir](#) voru haldnir með hefðbundnu sniði 17. mars.

Svæðistónleikar [Nótunnar](#) (uppskeruhátíðar tónlistarskólanna), voru haldnir í Salnum í Kópavogi 19. mars. Þrjú atriði tóku þátt frá Tónlistarskóla Árneseinga, gítartrío, rytmísk sveit og einsöngvari.

[Framhaldsdeildartónleikarnir](#) voru haldnir 25. mars. Glæsilegur hópur nemenda kom fram.

[Vínarbrauðstónleikar](#) strengjadeildar voru haldnir í Árnesei 1. maí fyrir fullu húsi.

Vínarbrauðstónleikar hafa átt fastan sess í tónleikahaldi skólans og voru þetta 20.

Vínarbrauðstónleikar strengjadeildar.

Tvennir glæsilegir [framhaldsprófstónleikar](#) voru haldnir í maí, en með tónleikunum útskrifuðust frá skólanum Elísabet Anna Dudziak á fiðlu og Arnar Gísli Sæmundsson í söng.

[Vortónleikar og skólaslit](#) voru aftur haldin með hefðbundnu sniði á öllum kennslustöðum í vor, eftir tveggja ára hlé.

[Strengjanemendur léku í Tívoli](#) í Kaupmannahöfn. Fjórir fiðlunemendur Tónlistarskóla Árneseinga sóttu stutt hnitmiðað námskeið í Kaupmannahöfn í lok maí, ásamt tveimur

nemendum úr MÍT og einum frá Tónskóla Sigursveins. Var námskeiðið undanfari árlegra vortónleika „Det danske Suzuki Institut“ sem haldnir eru í Tivólí-tónleikasalnum í Kaupmannahöfn.

Áhrif Covid-19 á vetrarstarfið 2021 - 2022

Covid-19 hafði talsverð áhrif á starfsemi tónlistarskólans veturinn 2021 - 2022. Kennsla var þó yfirleitt með hefðbundnum hætti, en forföll nemenda og kennara lituðu vorönnina. Gripið var til fjarkennslu þegar þörf var á.

Deildatónleikar haustannar urðu að hluta til fyrir barðinu á covid. Einir tónleikar fluttust fram í mars og tvennir féllu niður þetta árið.

Hausttónleikar voru haldnir með ýmiskonar takmörkunum, en jólaspilamennska „úti í bæ“ féll niður.

Í febrúar féll niður tónleikadagur í tilefni af Degi tónlistarskólanna.

Heldur færri próf voru tekin skólaárið 2021 – 2022, en í venjulegu ári.

Stórtónleikum sem vera áttu í maí, var frestað til næsta skólaárs, en mikil forföll á æfingum samspilshópa og hljómsveita ollu því.

Veturinn 2022 – 2023

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2022 – 2023 hófst 22. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 29. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 26. maí 2023 og þremur starfsdögum 30. maí – 1. júní 2023. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru fjórir. Haustfrí er tekið 13. - 17. október og vetrarfrí 25. febrúar – 1. mars, en þessi frí eru aðlöguð að skóladagatali stærstu grunnskóla sýslunnar og FSu. Til viðbótar eru teknir fimm frídaga vegna styttingar vinnutíma tónlistarskólakennara. Þessir fimm frídagar dreifast á veturinn og falla tveir þeirra undir haust og vetrarfrí. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2022 – 2023)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2022 – 2023)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2022 – 2023

Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Stjórn Tónlistarsk. Árn.: Kjartan Björnsson, formaður (Sveitarfélagið Árborg)
Erla Sif Markúsdóttir, varaformaður (Sveitarfélagið Ölfus)
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, ritari (Bláskógabyggð)

Skólastjóri: Helga Sighvatsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Jóhann I. Stefánsson

Skólaritari: Anna Jónsdóttir

Deildarstjórar 2022-2024: Gestur Áskelsson Blásaradeild + Blokkflautudeild
Guðmundur Kristmundss. Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir Píanódeild + Söngdeild
Vignir Ólafsson Rytísk deild + Gítardeild
Edit Anna Molnár Tónfræðadeild + Forskóladeild
Deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2022-2023:

Flóaskóli Eyjólfur Eyjólfsson

Flúðir/Þjórsárskóli Magnea Gunnarsdóttir

Hveragerði Timothy Andrew Knappett

Reykholt Björn Pálmi Pálmason

Stokkseyri/Eyrbakki Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir

Þorlákshöfn Sigríður Kjartansdóttir

Fjöldi nemenda 2022 – 2023 / biðlistinn

Í ár stunda 555 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 138 nýnemar. Um 240 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista 10. október, er 31 nafn sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Hveragerði: (1 x rafbassi)

Árborg: 18 (1 x gítar, 13 x píanó/orgel, 1 x rafbassi, 2 x Suzukipíanó, 1 x harmóníka)

Ölfus: 3 (1 x harmóníka, 2 x píanó)

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal R - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2021)

Kennarar 2022 – 2023

Þrjú kennarar létu af störfum í vor. Hjörtur B. Hjartarson fór á eftirlaun í vor, eftir 30 ára starf við skólann. Þökkum við Hirti innilega fyrir öll árin sem hann léði Tónlistarskóla Árnesinga krafta sína. Heimir I. Guðmundsson málmblásturskennari og Baldvin Snær Hlynsson rytmískur píanókennari sem komið hafa frá Reykjavík létu einnig af störfum. Þökkum við þeim einnig vel unnin störf. Sigurgeir Skafti Flosason er í launalausum leyfi í vetur. Í stað þessara heiðusmanna voru eftirtaldir kennarar ráðnir til starfa: Daníel Alexander Cathcart Jones, rytmískt píanó, Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir, málmblástur, Teresa Barbara Zuchowicz, píanó og gítar, Zbigniew Zuchowicz, gítar, píanó, fiðla og harmóníka og Olga Blaschuk, píanó.

- Við óskum nýliðunum okkar velfarnaðar í starfi.

Í vetur starfa 40 kennarar við skólann í um 28 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Endur- og símenntun kennara

Kennarar skólans eru almennt duglegir að sinna endur- og símenntun utan skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Suzukikennarar eru flest allir í Suzukikennaranámi og einn kennari er í mastersnámi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Tónlistarskólinn stendur árlega fyrir nokkrum námskeiðum og fyrirlestrum fyrir kennara á starfsdögum. Sl. vetur voru færri utan að komandi námskeið en venjulega vegna covid og nýttum við mannauð skólans til fyrirlestra um t.d. hvata í kennslu, prófdómaranámskeið o.fl.

Í janúar 2022 fengum við Unni Söru Eldjárn til að halda Teams-fund um markaðssetningu tónlistar.

Í haust kom Yvonne Tix með skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins.

Kennarar sóttu kennararáðstefnu í Hörpu 8. og 9. sept þar sem haldnir voru fjölmargir fyrirlestrar og erindi, umræðurtorg og samtal. Viðfangsefni og erindi ráðstefnunnar voru mjög fjölbreytt, en þau áttu það sammerkt að horft var fram á veginn varðandi tónlistarkennslu og hlutverk tónlistar í samfélaginu.

Skólastjórnendur sóttu þing samtaka tónlistarskólastjóra sem haldið var á Höfn í Hornafirði. Hélt þar m.a. erindi Guðrún Rákel Eiríksdóttir frá Virk og Vinnuvernd. Tók hún m.a. fyrir kulnun í starfi, einkenni og bjargráð. Á þinginu ræddu skólastjórar ýmsar hliðar á starfsemi tónlistarskólanna s.s. verkferla, ný greiðslukerfi, ný nemendaskrángarkerfi, styttingu vinnuvikunnar, námsmat, nýsköpunarverkefni, viðgerðir á strengjahljóðfærum, jafnlaunavottun, gerð laga og stefnu um tónlistarmál og skort á samráði við tónlistarskólana við gerð þeirra og m.fl.

Kennslustaðir 2022 – 2023 og aðbúnaður

Engin kennsla fer fram í Flóaskóla og á Eyrabakka í vetur, en þar verða þó haldnir tónleikar. Kennslustaðir eru eftirtaldir veturinn 2022 – 2023:

Árborg: Eyravegur 9 og 15, Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi

Árborg: Vallaskóli, Selfossi

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli

Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Brautarholt

Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Húsnæðismál hafa verið tónlistarskólanum óvenju þung í skauti í haust. Vegna fjölgunar grunnskólanemenda á Selfossi, í Hveragerði og víðar eru grunnskólarnir aðþrengdir og þá er aðstaða tónlistarskólans oft litin hýru auga.

- Í Hveragerði deilum við einni stofunni með hjúkrunarfræðingi. Í upphafi fékk hjúkrunarfræðingur inni í stofunni á lausum morgni. Nú er hjúkrunarfræðingur með þrjá morgna fasta í stofunni (ættu í raun að vera fjórir) og þar með hefur tónlistarskólinn ekki lengur möguleika á að nýta stofuna nema 1 – 2 morgna í viku.

- Í Vallaskóla var aðstaðan í kjallara þannig að tónlistarkennarar veigruðu sér við að raða þangað kennslu í haust. Aðeins hluti þeirra barna sem hefði getað fengið tónlistarkennslu á skólatíma fær hana. Þegar kennsla var komin af stað í haust var kjallarinn tekinn í gegn og þangað flutt tónmenntakennsla grunnskólans, en tónlistarskólinn nýtir aðeins föstudagsmorgna.

- Í Sunnulækjarskóla voru hannaðar tvær tónlistarkennslustofur þegar skólinn var byggður. Þær hafa æ meira verið nýttar af grunnskólanum til sérkennslu og funda. Fyrst voru lausar stundir nýttar, svo voru stofurnar teknar frá ákveðna morgna. Í haust gátum við raðað kennslu í stofurnar, en leitað er leiða til að flytja eða skipta upp þessum litlu stofum til að finna pláss fyrir stoðþjónustuna.

- Á Stokkseyri er hjúkrunarfræðingur kominn með aðstöðu í tónlistarstofunni. Þar getum við nýtt tónmenntastofuna þegar hún er laus, en óneitanlega erum við hrædd um að þrengi að okkur á Stokkseyri sem öðrum kennslustöðum þar sem stofur eru samnýttar.

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2022 – 2023

Tónleikahald verður vonandi með hefðbundnu sniði í vetur, en stærstu viðburðir vetrarins verða skv. skóladagatali:

- Deildatónleikar í nóvember 2022 hér segir:
 - Blásaradeildartónleikar – föstud. 4. nóv.
 - Blokkflautudeildartónleikar – mánud. 7. nóv.
 - Gítardeildartónleikar - þriðjud. 8. nóv.
 - Píanódeildartónleikar – miðvikud. 9. nóv.
 - Strengjadeildartónleikar – fimmtud. 10. nóv.
 - Rytmískir deildartónleikar – föstud. 11. nóv.
 - Söngdeildartónleikar – miðvikd. 7. des.
- Upplýsingar um stað og stund birtast á heimasíðu skólans www.tonar.is, þegar nær dregur.
- Stórtónleikar með lögum Gunnars Þórðarsonar verða laugard. 19. nóv. kl. 14:00 í íþróttahúsinu Laugarvatni.
- Hausttónleikar skólans vikuna 21. - 26. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður í byrjun desember.
- Í desember leika nemendur jólalög og aðra fallega tónlist úti í samfélaginu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 11. febrúar 2023 (7 tónleikar).
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 15. mars 2023.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 16. mars 2023.
- Nótan – hátíðartónleikar í Hörpu 19. mars 2023.
- Píanó-hringekjutónleikar, föstud. 28. apríl 2023.
- Vortónleikar, 2. – 6. maí 2023.
- Skólaslit 22. – 26. maí 2022.

Þema vetrarins er „*Sjómannanna- og sjávarlög*“.

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Tónlistarskólanemendur geta nú aftur heimsótt hjúkrunarheimili eftir langt hlé. Stefnt er að því að fara á sem flest hjúkrunarheimili í sýslunni í vetur. Kennarar skiptast á um að fara með nemendur og leika fyrir heimilisfólk.

Forskóla-hljóðfærakynningar

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður fram haldið á vorönn. Allar bekkjardeildir 2. bekkjar fá fimm heimsóknir þar sem verður bæði sungið, og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Nýr ritari

Nýr ritari tók til starfa 1. mars 2022, þegar Anna Jónsdóttir tók við keflinu af Guðrúnu Helgadóttur. Við þökkum Guðrúnu innilega fyrir ánægjulegt samstarf sl. ár og óskum Önnu allra heilla í nýju starfi.

Áætlun 2023

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2023 eru áætluð 348.575.263 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningar FT og FÍH renna út 31. mars 2023. **Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.**

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - ágúst 2022 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2022 - 2023.
2. Kennslustundafjöldi í október 2022, 510 klst.
3. Kjarasamningur KÍ/FT við LS - gildistími 1.1.2022 – 31.3.2023
4. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1.1.2022 – 31.3.2023

(Fylgiskjal S – Sundurliðanir úr Ársreikningi 2021)

(Fylgiskjal T – Áætlun og rauntölur 2022)

(Fylgiskjal U - Áætlun 2023)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2023)

Skýrslur deildastjóra maí 2022

Blásaradeild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Birna Bragadóttir

Eyjólfur Eyjólfsson

Gestur Áskelsson

Heimir Ingi Guðmundsson

Hjörtur B. Hjartarson

Jóhann I. Stefánsson

Sigríður Kjartansdóttir

Örlygur Benediktsson

Stefán I. Þórhallsson

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn

Þverflauta

Klarínetta, saxófónn

Trompet, horn, básúna

Klarínetta, þverflauta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Klarínetta, saxófónn

Slagverk

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss Blásarasveit AB

Jóhann I. Stefánsson

Selfoss Blásarasveit CD

Jóhann I. Stefánsson/Heimir Ingi Guðmundsson

Þorlákshöfn Yngri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Þorlákshöfn Eldri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Tónleikahald féll að hluta niður vegna Covid. Þannig fór með blásaradeildartónleikana í nóvember 2021 og tónleika í tilefni af degi tónlistarskólanna í febrúar 2022.

Náðum að halda vortónleika og skólaslit í vor sem hefur ekki tekist sl. 2 ár.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Öll tónleikaferðalög, lúðrasveitamót, heimsóknir á hjúkrunarheimili féllu niður.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Kennarar nýttu áfram fjarkennslu í gegnum Teams, ef á þurfti að halda vegna Covid.

Annað: Hlökkum til næsta skólaárs sem verður vonandi með hefðbundnum hætti.

Blokkflautudeild Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Kristín Jóhanna Dudziak

Sylvía Rossel

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Helga Sighvatsdóttir

Kennslugreinar:

Blokkflauta, Suzukiblokkfl. og samspil

Suzukiblokkflauta

Samspil

Blokkflauta og samspil

Samspilshópar:

Selfoss, Blokkflautusveit AB

Selfoss, Blokkflautusveit CD

Suzuki-blokkflautuhópar 1, 2 og 3

Tilfallandi dúettar og tríó.

Stjórnandi:

Kristín Jóhanna Dudziak og Kolbrún Berglind Grétarsd.

Helga Sighvatsdóttir

Kristín Jóhanna Dudziak

Tónleikahald deildar:

Tónleikahald litaðist svolítið af Covid, en eftirtaldir tónleikar voru haldnir:

Blokkflautudeildartónleikar í nóvember 2022 á Stokkseyri,

Suzuki-útskriftartónleikar í nóvember

Hauttónleika í nóvember og desember.

Blokkflautusveit CD tók þátt í jólakveðju TÁ, sem var tekin upp og send út.

Jólaspilamennska úti í bæ féll niður v. covid.

Tónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólanna í febrúar 2022 féll niður v. covid.

Miðdeildartónleikar í mars 2022

Framhaldsdeildartónleikar í mars 2022

Suzukidagur í Keflavík í mars 2022

Vortónleikar í maí 2022

Samspilstónleikar í maí 2022

Skólaslit á Selfossi í maí 2022.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Öll tónleikaferðalög, æfingabúðir og heimsóknir á hjúkrunarheimili féllu niður.

Fimm nemendur eru á leiðinni til Englands í ágúst á Suzukinámskeið.

Próf – tölfræði - mat á árangri:

2 nemendur luku 1. stigi, 1 nemandi lauk 2. stigi, 5 nemendur luku grunnprófi, 1 nemandi

lauk 4. stigi og 1 nemandi lauk 6. stigi. Fimm Suzukinemedur luku útskriftum úr bókum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Kristín stundaði Suzuki-blokkflautukennaranám og lauk 3. Suzuki-kennslustigi.

Kolbrún er í mastersnámi í söng- og hljóðfærakennslu í listaháskólanum. Hún er einnig í

Suzuki píanókennaranámi í vetur.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Rafræn skráning hljóðfæra í School Archive. Blokkflautur sem lánaðar eru út til ákveðinna verkefna, verða skráðar eins og leiguhljóðfærin.

Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnassýslu.
Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Allir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Árnassýslu fengu fimm heimsóknir yfir veturinn.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum *deildarstjóra hvers hljóðfærahóps*. Hver þeirra hélt utan um sex kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærunum og hljóðfæraleik. Að auki voru í hverri kynningu sungin lög.

Kynningar - *Deildarstjórar* - Kennarar:

1. **Gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri:** *Vignir Ólafsson,*
+ Stefán I. Þórhallsson.
2. **Strokhljóðfæri:** *Guðmundur Kristmundsson*
+ Guðmundur Pálsson, Ulle Hahndorf.
3. **Tréblásturshljóðfæri:** *Gestur Áskelsson*
+ Birna Bragadóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Hjörtur B. Hjartarson, Kristín J. Dudziak,
Sigríður Kjartansdóttir, Helga Sighvatsdóttir
4. **Málmblásturshljóðfæri:** *Jóhann I. Stefánsson*
+ Heimir I. Guðmundsson, Ása Berglind Hjálmarsdóttir
5. **Píanó og upprifjunartími/söngur:** *Margrét S. Stefánsdóttir og Edit A. Molnár*

Gítardeild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur Bergþór Hjartarsson

Francisco Javier Jáureguie

Luke Starkey

Gestur Áskelsson

Kennslugreinar:

Gítar, Suzukigítar, samspil

Gítar, rafgítar, samspil, meðleikur

Gítar, rafgítar

Gítar

Gítar, rafgítar, samspil

Gítar

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil A

Selfoss Gítarsamspil B og C

Selfoss Suzukihópar A1, A2, B og C

Meðleikur með Suzukihópum

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson

Luke Starkey

Kristinn Freyr Kristinsson

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Tónleikahald deildar: Töluverð röskun varð á tónleikahaldi gítardeildar vegna covid.

Eftirtaldir tónleikar voru felldir niður: Jólaball Suzukideildar 2. desember 2021,

Deildartónleikar 15. febrúar 2022 og Dagur tónlistarskólanna.

Eftirtaldir tónleikar voru haldnir: Hausttónleikar í nóvember, vortónleikar í maí og skólaslit 20. – 27. maí.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Hljóðfærakynningar í grunnskólunum gengu vel þrátt fyrir að veðrið og covid hefðu haft einhver áhrif.

Próf: 17 nemendur tóku innanskóla stigspróf, en engin samræmd áfangapróf fóru fram í gítardeild þetta árið.

Píanódeild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Píanókennarar:

Birna Bragadóttir

Einar Bjartur Egilsson

Gestur Áskelsson

Guðmundur Óli Gunnarsson

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Margrét S. Stefánsdóttir

Svetlana O. Veshchagina

Ulle Hahndorf

Baldvin Snær Hlynsson (píanó & rytmískt píanó)

Björn Pálmi Pálmason

Ester Ólafsdóttir

Guðrún Markúsdóttir

Jón Bjarnason

Magnea Gunnarsdóttir

Miklós Dalmay

Timothy Andrew Knappett

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi): Hljómsveitir og samspilshópar gátu ekki starfað eðlilega vegna Covid og ýmissa takmarkana því tengdu. En annars eru undir eðlilegum kringumstæðum starfandi: Píanóhringekja, Suzukisamspil og tilfallandi fjórhent verkefni.

Tónleikahald deildar: Píanódeildartónleikar voru haldnir í nóvember. Mið- og framhaldsdeildartónleikar í mars. Einnig haust og vortónleikar. Skólaslit voru á kennslustöðum þar sem píanónemendur komu fram.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Það var lítið um ferðalög og heimsóknir. Þó var hægt að fara inn í grunnskóla í Árnessýslu með hljóðfærakynningar.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 31 stigspróf og 6 áfangapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ester Ólafsdóttir vinnur að 4. stigi í Suzuki-píanókennaranámi

Guðrún Markúsdóttir vinnur að 4. stigi í Suzuki-píanókennaranámi

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir er í mastersnámi í söng og hljóðfærakennslu í Listaháskóla Íslands. Hún er einnig í Suzuki-píanókennaranámi.

Magnea Gunnarsdóttir er í Suzuki-píanókennaranámi.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Ekki mikið um nýjungar á þessu skólaári. Covidið hefur þó kennt okkur að bregðast við nýjum kennsluháttum og kenna rafrænt. Einnig að taka nemendur upp og senda foreldrum/forráðamönnum upptökur, í stað hefðbundinna tónleika.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Næsta skólaár verður vonandi með hefðbundnu sniði. Með tilheyrandi samspili, tónleikum og heimsóknum út í bæ. Einnig er stefnt á stórt sameiginlegt verkefni í haust, þar sem allar deildir skólans taka þátt. Að þessu sinni verður flutt tónlist Gunnars Þórðarsonar.

Píanóhringekjunemendur ætla í heimsókn í Tónskóla Sigursveins og halda tónleika með nemendum þar. Einnig er stefnt að endurmenntun/námskeiði hjá kennurum næsta haust.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Hljóðvist milli rýma í Páli Ísólfsyni þarf að laga. Það heyrir mjög mikið á milli þessara stofa sem truflar kennslu.

Rytmísk deild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Stefán I. Þórhallsson
Skúli Gíslason
Vignir Ólafsson
Sigurgeir Skapti Flosason
Daniel Cassidy
Luke Starkey
Kristinn Freyr Kristinsson

Kennslugreinar:

Slagverk og trommur og samspil
Trommur
Rafgítar, rafbassi og samspil
Rafbassi
Fiðla, gítar og rafbassi
Rafgítar, gítar og samspil
Rafgítar, gítar og samspil

Samspilshópar:

| | |
|---------|---------------------------|
| Selfoss | Rytmísk samspil 1 |
| Selfoss | Rytmísk samspil 2, 3 og 4 |
| Selfoss | Slagverkssamspil G og M |

Stjórnandi:

Luke Starkey
Vignir Ólafsson
Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:

Hausttónleikar nóvember 2021
Deildartónleikar 5. nóvember 2021
Stórtónleikum frestað fram á haust, 19. nóv. 2022
Vortónleikar 13. maí
Skólaslit 20. – 27. maí

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Hljóðfærakynningar í grunnskólum sýslunnar sem eru góð og skemmtileg viðbót við starf skólans, gengu vel þrátt fyrir válynd veður og covid.

Próf – fjöldi áfangaprófa:

1 rytmískt fiðlugrunnpróf, 2 slagverksgrunnpróf, 2 rafgítargrunnpróf og 2 rafbassapróf voru tekin á vorönn. 9 innanskóla stigspróf (1. og 2. stig) voru tekin á rafgítar og trommur.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim: Í haust var fjárfest í búnaði fyrir samspilshópana sem gerir okkur kleift að æfa án þess að trufla aðra kennslu í kringum okkur og er það mjög til bóta og mælist afar vel fyrir hjá nemendum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Styðja við starfsmenn skólans varðandi rafrænt umhverfi, fjarkennslu, upptökur og streymi.

Annað: Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Strengjadeild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

Kennarar:

Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Pálsson
María Weiss
Uelle Hahndorf

Kennslugreinar:

Fiðla, víóla
Fiðla
Fiðla
Selló

Hljómsveitir og samspilshópar:

Hveragerði Fiðlusamspil-G
Selfoss Fiðlusamspil-G
Selfoss Fiðlusamspil-F
Selfoss Strengjasveit-AB
Selfoss Strengjasveit-CD

Stjórnandi:

Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Pálsson
María Weiss
Uelle Hahndorf/Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Kristmundsson/Uelle Hahndorf

Tónleikahald deildar:

Fiðlu-masterklass, 16. nóv.

Upptökur í stað tónleika:

Strengjasveit AB í Hveragerðiskirkju 4. nóv.

Strengjasveit CD í Hveragerðiskirkju 4. nóv.

Jólapizza Strengjasv. AB 6. des. og

Pizzukvöld Strengjasv. AB 7. mars

Strengjapáttaka á Mið- og Framhaldsdeildartónleikum í mars

Vínarbrauðstónleikar 1. maí í Árnosi

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Þátttaka fiðlunemenda í Ungsveit SÍ 26. sept

Þátttaka strengja í Jólakveðju TÁ

Fiðluleikur við Brautskráningu FSu 18. des

Strengjanemendur á opnu húsi í Grunnskólanum í Hveragerði 9. des

Nemendur tóku þátt í messu í Skálholti 19. des

Sellóleikur fyrir bekkjarfélagi í HVE 3. mars

Nemendur léku við skólaslit Tónlistarskólans og einstaka grunnskóla jafnframt við
hljóðfærakynningar í skólum og í heimsóknum í leikskóla.

Fiðluleikur við Brautskráningu FSu 21. maí 2022

Próf – fjöldi áfangaprófa:

Fiðlupróf: 14

Víólupróf: 1

Sellópróf: 3

Námskeið sem kennarar hafa sótt: (Sjá Suzuki-skýrslu)

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Öflugt hljómsveitastarf, líka í samstarfi við aðrar deildir og -skóla. Fleiri smærri samspilshópar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Enn meiri áhersla á samspilshópa bæði nýrra og eldri nemenda til að styrkja félagstengsl og auka fjölbreytni í náminu.

Annad:

Hljóðfærakostur þarf stöðugt viðhald og endurnýjun.

Fleiri hljóðfæri vantar í tilteknum stærðum.

Covid setti mark sitt á starf vetrarins. Stór hluti tónleikaviðburða féll niður vegna faraldursins.

Suzukideild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

Kennarar:

Birgit Myschi

Ester Ólafsdóttir

Guðmundur Kristmundsson

Guðmundur Pálsson

Guðrún Markúsdóttir

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir

Magnea Gunnarsdóttir

María Weiss

Sylvia Rossel

Ulle Hahndorf

Kennslugreinar:

Suzukigítar

Suzukipíanó

Suzukifiðla, Suzukivíóla

Suzukifiðla

Suzukipíanó

Suzukipíanó

Suzukiblokkflauta

Suzukipíanó

Suzukifiðla

Suzukiblokkflauta

Suzukiselló

Hljómsveitir og samspilshópar:

Selfoss Suz -blflhópur 1, 2 og 3

Selfoss Suz -fiðluhópur A og B

Selfoss Suz -fiðluhópur C

Selfoss Suz -gítarhópur A1,A2, B, C

Brautarholt Suz -píanósamspil 1

Hveragerði Suz -píanósamspil 1

Selfoss Suz -píanósamspil 1

Selfoss Suz -píanósamspil 2, 3 og 4

Selfoss Suz -sellóhópur A og B

Selfoss Suz -víóluhópur

Stjórnandi:

Kristín Jóhanna Dudziak

Guðmundur Pálsson

María Weiss

Birgit Myschi

Magnea Gunnarsdóttir

Ester Ólafsdóttir

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Guðrún Markúsdóttir

Uelle Hahndorf

Guðmundur Kristmundsson

Tónleikahald deildar:

Upptökur í stað tónleika: Sellóhópur 4. nóv og Suzukihópur C 15. des.

Vínarbrauðstónleikar 1. maí í Árnesi

Útskriftartónleikar: 20. nóv, 30. mars, 18. maí, 21. maí

Nemendur léku við skólaslit Tónlistarskólans og einstaka grunnskóla. Auk þess tóku nokkrir nemendur þátt í hljóðfærakynningum Tónlistarskólans í grunnskólum og í heimsóknum í leikskóla.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Reykjavíkurfærð Suzukinemenda 30. apríl

Nemendur úr Fiðluhópi C taka þátt í skólaslitum Danska Suzuki-skólans á tónleikum í Tívolí-salnum í Kaupmannahöfn 28. maí.

Foreldrafræðsla:

Foreldrafundur 4. apríl. Gestur: Aðalheiður Matthíasdóttir

Útskriftir úr Suzukibókum:

Fiðla: 7 Víóla: 1 Selló: 2 Gítar: 9 Blokkflautur: 5. Píanó: 6

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Birgit tók þátt í tveimur Masterklössum á netinu auk þess að hlýða á fjóra sunnudagsfyrirlestra ESA

Guðmundur K. er í 3. stigs Suzuki-víólukenningaránámi og tók þátt í kennaranámskeiðum á netinu og ESA fyrirlestrum.

Guðrún er í 4. stigs Suzuki-píanókenningaránámi.

Kolbrún er í Suzuki-píanókenningaránámi auk meistaranáms við LHÍ.

Kristín lauk 3. stigs Suzuki-blokkflautukenningaránámi í janúar 2022.

Sylvía lauk 1. stigs Suzuki-blokkflautukenningaránámi í janúar 2022

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Aukið samstarf með öðrum skólum

Áframhaldandi foreldrafræðsla

Námskeið fyrir kennara

Annað

Foreldrafélag Suzuki-deildar er ómetanlegur stuðningur við kennarana og stuðlar að fjölbreyttara starfi deildarinnar auk kynningar út á við. Sbr. Suzuki-kynningu í Dagskránni í maí. 2020.

Covid setti svo um munar mark sitt á starfið seinni önnina. Samspils- og hóptímar og tónleikar voru stopulir framan af vetri vegna fjarveru nemenda og kennara.

Söngdeild

Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Kennarar:

Eyjólfur Eyjólfsson
Magnea Gunnarsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir

Kennslugreinar:

Söngur, þverflauta
Söngfuglar, tónfræði, píanó
Söngur, píanó, deildarstjóri söng- og píanódeildar

Sönghópar:

Flúðir Söngfuglar (10 – 15 ára)
Hveragerði Söngfuglar (10 – 15 ára)
Selfoss Söngf. 1 og 2 (10–15 ára)
Selfoss Sönghópur söngnemenda
Selfoss Söng-masterklass

Stjórnandi:

Magnea Gunnarsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir
Eyjólfur Eyjólfsson og Margrét S. Stefánsdóttir

Tónleikahald deildar: Söngdeildartónleikar voru haldnir í mars.

Haust og vortónleikar söngkennara.

Mið og framhaldsdeildartónleikar í mars þar sem söngnemendur komu fram.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Engin tónleikaferðalög voru farin en við fengum heimsókn frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar. Eldri nemendur komu og fengu námskeið hjá Margréti S. Stefánsdóttir um söng og söngtækni. Einnig sungu nemendur framhaldsdeildar nokkur lög fyrir gestina.

Próf – fjöldi áfangaprófa:

9 stigspróf þar af tvö 6. stig og eitt framhaldspróf.
22 söngfuglar í námi (yngri söngnemendur)
22 söngnemendur (einkatíma nemendur)

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:

Engar nýjungar en gátum haldið hóptímum að mestu gangandi.

Covidið hefur kennt okkur að hægt er að kenna rafrænt ef aðstæður eru þannig. Einnig nota tæknina og senda upptökur ef þannig háttar að ekki er hægt að vera á staðnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Áframhald á samvinnu milli deilda skólans. Nota þema eins og gert hefur verið síðustu ár og útvíkka það með tilliti til samstarfs. Fá mismunandi hljóðfærahópa til samvinnu með söngdeildinni/söngfuglum. Einnig er áformað að setja upp sameiginlegt verkefni Þetta höfum við gert áður og hefur verið frábær reynsla fyrir nemendur. Skemmtileg samvinna/samsuða milli mismunandi hljóðfæraleikara og söngvara. Verkefni næsta hausts eru stórtónleikar þar sem tónlist eftir Gunnar Þórðarson verður flutt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Það þyrfti að bæta hljóðvist á milli rýma í Páli Ísólfssyni. Það heyrir mjög mikið á milli stofa sem getur valdið truflun á kennslu.

Tónfræðadeild Skýrsla maí 2022

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Kennarar :

Edit Anna Molnár
Gestur Áskelsson
Guðmundur Óli Gunnarsson
Magnea Gunnarsdóttir
Örlygur Benediktsson

Tónfræðihópar:

Tónfræði í grunn- og miðnámi
Tónfræði í grunnnámi
Tónlistarvalgrein í framhaldsnámi
Tónfræði í grunnnámi
Tónfræði í grunn- og miðnámi
Hljómfræði í framhaldsnámi
Tónlistarsaga í framhaldsnámi

Próf – fjöldi áfangaprófa:

